



**KETTLINGA
HANDBÓKIN**



Vinsamlegast athugið

Þessi bók er eingöngu í upplýsingaskyni og kemur ekki í stað samtals við dýralækna eða heimsóknna til þeirra og meðferða. Æskilegt er að kettlingurinn fari reglulega í skoðun hjá dýralækni.

KETTLINGA HANDBÓKIN

Kettlingar eru frábærir félagar fyrir fjölskyldurnar sem annast þá. Okkar stefna, sem byggist á fjórum einföldum grunnreglum fyrir ábyrga eigendur, stuðlar að traustum grunni fyrir langt og einstakt samband við kettlinginn þinn.

VIRÐING

Frá því að mannfólkið gerði ketti að húsdýrum hefur það borið ábyrgð á velferð þeirra. Virðing fyrir köttum þýðir að grunnþörfum þeirra er mætt og köttunum um leið gefið tækifæri til þess að sýna atferli sem tengist þróunarsögu þeirra.

UMÖNNUN

Gefðu þér tíma til að leika við köttinn þinn, veittu honum nauðsynlega umhyggju og athygli og farðu reglulega með hann til dýralæknis. Umönnun kattar þýðir að þú þarft að fylgjast með heilsufari hans og vellíðan alla ævi.

KETTLINGAR

ÞEKING

Áhugi á köttum, lærdómur um atferli katta og skilningur á tjáskiptum við þá eru lykilatriði fyrir gott samband við kettlinginn þinn.

UMHVERFI

Öruggt heimili þar sem kötturinn hefur nokkra stjórn á umhverfi sínu og félagslegum samskiptum, dregur úr streitu og gerir kettinum fært að takast á við flestar aðstæður. Þroskandi umhverfi eykur andlega og líkamlega vellíðan hans.

1/HEIMKOMAN

Á NÝTT HEIMILI bls. 8

Útvega allan nauðsynlegan búnað bls. 12

Skipulagning á nýja heimilinu bls. 14

Fylgjum þeim fyrstu skrefin bls. 16



2/HEILBRIGÐI

bls.20

Veljið sérsniðið heilnæmt fóður bls. 24

Tryggið fulla heilbrigðisskoðun hjá dýralækni bls. 42



3/VELLÍÐAN bls.50

Þekktu og skildu kettlinginn þinn bls. 54

Auðgaðu líf kettlingsins til að auka vellíðan hans bls. 66

Viðhaltu hreinlæti kettlingsins bls. 72





HEIMKOMAN Á NÝTT HEIMILI

- Útvega allan nauðsynlegan búnað
- Skipulagning á nýja heimilinu
- Fylgjum þeim fyrstu skrefin

Fyrsta upplifunin á nýju heimili hefur langvarandi áhrif á kettlinginn.

Kettlingar eru viðkvæmir. Þeir þurfa að finna traust og öryggi.

Kettlingar þurfa öruggt heimili sem þeir geta kannað óttalausir.

Velkominn í fjölskylduna!

Koma nýja kettlingsins er mikilvægur viðburður fyrir kettlinginn og líka fyrir þig og fjölskyldu þína.

Hvernig á að láta komu kettlingsins á nýja heimilið heppnast sem best?

Stóra stundin er runnin upp, þú varst að fá nýja kettlinginn afhentan!

Fyrstu kynnin eru afar mikilvæg, hvort sem kettlingurinn kemur frá ræktanda, kattaathvarfi eða vini og hafa áhrif á samband ykkar til langframa. Sæktu kettlinginn þegar þú hefur tíma til að sinna honum - um helgi eða á frídegi.

Þetta er töfrandi stund fyrir þig en álagið vegna breytinganna getur reynst kettlingnum erfitt

Kettlingurinn þinn er farinn frá móður sinni og systkinum og sér og skynjar ótal margt nýtt svo sem ný hljóð og nýja lykt. Reyndu að hafa stjórn á tilfinningum þínum og kæti á þessum tíma.



ÚTVEGA

ALLAN NAUÐSYNLEGAN BÚNAÐ

Nauðsynlegur búnaður fyrir nýja kettlinginn ætti að vera fóðurskál og drykkjarskál, kattasandkassi, bæli, kattartré, klórustaur, leikföng og auðvitað fyrsta fóður kettlingsins. Allt þetta færðu í gæludýrabúðum, hjá dýralækninum þínum eða á netinu.

Hvernig á að skipuleggja svæði fyrir fóður og vatn?

Kettlingurinn þarf minnst tvær skálar: eina litla fyrir fóður og stóra skál fyrir vatn svo alltaf sé til reiðu mikið af hreinu vatni. Skálar úr ryðfríu stáli borga sig því þær endast lengur og auðvelt er að þrifa þær. Hafið gott bil á milli skálanna svo fóður fari ekki í vatnið og hafið þær langt frá kattasandinum. Í stað vatnsskálar getur komið vatnsbrunnur sem örvar kettlinginn til að drekka. Ef fleiri en ein hæð eru í húsinu er best að hafa skálar á hverri hæð. Sérstök fóðursvæði á heimili þar sem eru fleiri en einn köttur tryggir kettinum friðhelgi og kemur í veg fyrir streitu vegna samkeppni um fóðrið.

Hvernig á að útbúa svefnsvæðið kettlingsins?

Kettlingar þurfa mikinn svefn. Útbúið þægileg bæli í ýmsum hornum hússins með púðum, teppum, körfum og einnig bæli sem eru hátt uppi þar sem kettlingurinn finnur öryggi. Með mörgum svefnsvæðum í húsinu, þar sem eru fleiri en einn köttur, eykst úrvalið og kettirnir hafa úr mörgum svefnstöðum að velja.

Hvernig fullnægi ég náttúrulegu eðli kettlingsins míns?

Mörg ung dýr læra í gegnum leik og kettlingar eru engin undantekning. Hægt er að kaupa úrval leikfanga til að hvetja til leiks. Notið aðeins leikföng sem eru sérhönnuð fyrir kettlinga því þau endast lengur og eru öruggari. Köttum finnst gaman að klóra og tilvalið er að gefa kettlingnum sérstakan klórustaur og inniköttur þarf klórutré eða klórumottu ef þið viljið hafa húsgögn og gluggatjöld í friði. Hægt er að hvetja kettlinginn til að nota klórustaurinn með því að úða á hann kattarmyntu (e. Cat-nip). Ásamt þessum búnaði þarf kettlingurinn góðan stað til að hlaupa um þar sem eru háir hlutir eins og borð, skápar, hillur og sófabök sem kettlingurinn má stökkva upp á.

Hvernig á að velja rétta sandinn?

Gætið þess að kattasandkassinn sé í réttri stærð fyrir kettlinginn svo hægt sé að nota sandinn án þess að kettlingurinn sóði út fyrir. Hreinsið sandinn reglulega. Nauðsynlegt er að hafa skóflu til að fjarlægja kúk kvölds og morgna og skipta um sand og fóðringu daglega eða annan hvern dag. Til að draga úr lykt og til að ekkert fari út fyrir kassann má íhuga að hafa lokaðan sandkassa. Þjóðið kettlingnum upp á lokaðan og opinn kassa í fyrstu svo hann geti valið. Ef margir kettir eru á heimili þarf sandkassa á aðskildum og rólegum svæðum fyrir hvern kött. Almenna reglan er að hafa einum kassa fleiri en kettirnir eru. Einn köttur þarf tvo kassa, tveir kettir þurfa þrjá kassa og svo framvegis.



SKIPULAG

Á NÝJA HEIMILINU

Kettlingurinn kann að vera einmana þegar hann kemur fyrst inn á heimilið. Til að lágmarka streitu er nauðsynlegt að búa sem best í haginn fyrir komu hans á nýja heimilið. Hér eru nokkur ráð til að tryggja vellíðan og öryggi.

VIRÐIÐ SVÆÐI KETTLINGSINS

Kettir eru snyrtilegir í eðli sínu og vilja ekki hafa kattasandinn sinn nálægt fóður- eða drykkjarskálum. Sandurinn verður að vera aðgengilegur og ekki nálægt fjölskylduherbergjunum. Gætið þess að kettlingurinn hafi mörg mjúk bæli víða í húsinu þar sem hægt er að fela sig eða hvíla sig. Reynið ekki að koma kettlingnum fyrir í sérstöku svefnherbergi því kettir vilja sjálfir ráða sínum svefnstað og stundum þarf sá staður að vera mjög sérstakur! Kettlingurinn þarf mikinn svefn. Gætið þess að vekja hann ekki né trufla á dýrmætum svefnstundum.

Margar hættur eru á heimilinu fyrir kettlinginn. Gefið ykkur tíma til að gera vistarverur hans eins öruggar og mögulegt er.

UTANHÚSS

Í fyrstu er öruggara að takmarka aðgang að svæðum eins og svölum eða garði og hafa varann á þegar gluggar eru opnaðir. Síðar meir getur kettlingurinn fengið að kanna umhverfi sitt að vild. Athugið hvort plöntur séu eittraðar í garðinum. Sum blóm, t.d. liljur, eru baneittraðar fyrir ketti. Dýralæknirinn getur veitt upplýsingar um þær plöntur sem eru hættulegar fyrir kettlinginn þinn.

INNANHÚSS

Gætið þess að öll herbergin sem kettlingurinn hefur aðgang að séu örugg. Kettlingar japla á öllu þegar þeir taka tennur og hafið því rafmagnssnúður vafðar eða óaðgengilegar. Fjarlægjið alla smáhluti sem hægt er að gleypa, svo sem teygjur og prjóna og skiljið ekki plasthluti eða svamphluti eftir á glámbekk. Hafið lyf, skordýraeitur, illgresiseyði og rottueitur í læstum skápum. Kettlingar geta víða troðið sér og hafið því lok á sorptunnum, lokið salerninu og athugið þvottavél og þurrkara áður en notkun þeirra hefst.



FYLGJUM ÞEIM

FYRSTU SKREFIN

Þegar kettlingurinn kemur á heimilið er mikilvægt að hafa allt til reiðu til að hjálpa honum að aðlagast nýjum aðstæðum. Verið þolinmóð og leyfið kettlingnum að kanna nýtt umhverfi og læra smám saman á það.

Hvernig á að hjálpa kettlingnum að aðlagast?

Kettlingurinn vælir kannski svolítið fyrstu næturnar. Munið að hann er nýfarinn frá mömmu sinni og systkinum og það er eðlilegt að hann sé smeykur í fyrstu. Reynið að hafa umhverfi kettlingsins rólegt og afslappað fyrstu dagana.

Það hjálpar honum að aðlagast og venjast lyktinni á nýja heimilinu. Hafið kattasandinn í herberginu til að auðvelda honum að verða kassavanur.

Fylgist með kettlingnum þegar hann fær leyfi til að vera á öðrum svæðum á heimilinu. Kettlingar eru forvitnir og það er merkilegt hversu víða hætturarnar leynast!



Hvernig er best að búa kettlinginn undir að hitta börn í fyrsta sinn?

Kettlingar eru frábærir því þeir geta kennt börnum ábyrgð og umhirðu dýra. Að því sögðu er sennilega best að leyfa börnum ekki að leika sér að kettlingnum nema fullorðinn sé með. Þótt börnin vilji vel geta þau stundum verið klaufaleg og handleikið kettlinginn harkalega. Útskýrið fyrir þeim að nýi kettlingurinn sé ekki leikfang, að hann þurfi að sofa mikið og það megi ekki vekja hann bara til að klappa honum.

Þið getið sýnt þeim hvernig á að nálgast kettlinginn og taka hann upp og hvetjið þau til að nota leikföng til að leika við kettlinginn. Þetta gerir leikinn ánægjulegan fyrir alla og stuðlar að því að kettlingur og börn ná vel saman.

Meðhöndlið kettlinga af varfærni.

Skyndilegar hreyfingar eða harkaleg meðferð getur hrætt þá. Besta aðferðin við að taka þá upp er að renna lófanum undir magann og styðja við afturendann með hinni hendinni.

Hvað ef það eru önnur gæludýr fyrir á heimilinu?

Gullna reglan er sú að dýrin sem eru fyrir á heimilinu eru ráðandi og raskið því ekki venjum þeirra. Ekki hygla nýja dýrinu svo mikið að hin gæludýrin upplifi höfnun eða vanrækslu.


Leyfið kettlingnum að hitta aðra í fjölskyldunni smám saman, hafið auga með þeim kynnum og verið þolinmóð gagnvart öllum.

KETTLINGUR OG HUNDUR

Stjórnid alltaf samskiptum hundsins og nýja kettlingsins. Fyrir fyrstu kynni þeirra er best að velja herbergi þar sem kettlingurinn getur falið sig og fundið þannig fyrir öryggi.

Hafið hundinn rólegan og í taumi. Ekkert liggur á og neyðið því dýrin ekki til að hittast, heldur bíðið þar til þau hafa vanist hvort öðru.

Ef hundurinn þekkir þegar ketti og kann vel við þá verður þetta ferli miklu auðveldara.



KÖTTUR OG KETTLINGUR

Ef köttur er fyrir á heimilinu er vissara að kynna nýja kettlinginn varlega og smám saman. Svo heppilega vill til að fullorðnir kettir taka kettlingum yfirleitt betur en öðrum fullorðnum köttum.

Gætið þess að báðir kettirnir hafi öruggt svæði eða rými til að flýja á ef þeir finna til óöryggis; því er mikilvægt að bjóða upp á marga mögulega felustaði og hvíldarstaði í ýmsum hæðum hér og þar á heimilinu. Gætið þess að báðir hafi sitt svefnsvæði, fóður- og drygkjarskálur, leikföng og kattasandskassa því líklegt er að þeir muni ekki vilja deila þessu.

Reynið ekki að láta þá nærast nálægt hvorum öðrum til að liðka fyrir kynnum. Kettir líta ekki á át sem félagslegt atferli og það getur valdið mikilli streitu að láta kettina nærast saman.

KETTIR LIFA Í HEIMI LYKTAR NOTIÐ TUSKU TIL AÐ SAFNA ANDLITSSEYTI FRÁ KINNUM OG ENNI KETTLINGSINS OG NUDDIÐ ÞVÍ NEÐST Á VEGGINA Í HINUM HERBERGJUNUM TIL AÐ ELÐRI KÖTTURINN VENJIST LYKTINI AF KETTLINGNUM.



HEILSA

- — Veljið sérsniðið og heilnæmt fóður
- — Tryggið fulla heilbrigðis skoðun hjá dýralækni

FÓÐUR ER AFAR
MIKILVÆGT FYRIR
HEILSU KETTLINGSINS

KETTLINGUR ÞARF
SÉRVALIÐ FÓÐUR Á
MEÐAN HÆKK STÆKKAR

MIKILVÆG ER AÐ
HEIMSÆKJA
DÝRALÆKNI REGLULEGA
EFTIR AÐ KETTLINGURINN
KEMUR Á HEIMILIÐ

Aðal ábyrgð eigandans er að fylgjast með heilsu kettlingsins en einnig að fylgjast með honum vaxa og dafna.

Hvernig á að veita kettlingi fullkomna byrjun á lífinu?

Nauðsynlegt er að kynnast kettlingnum vel til að hjálpa honum að vaxa og blómstra í nýju umhverfi.

Gætið þess að hafa sérvalið fóður og fylgist vel með kettlingnum, ásamt því að fara með kettlinginn reglulega til dýralæknis, til að koma í veg fyrir heilsutengd vandamál á fyrstu mánuðum hans fram að fullorðinsárum og eftir það. Heilbrigður kettlingur verður að heilbrigðum fullorðnum ketti.



VELJIÐ

SÉRNIÐIÐ OG HEILNÆMT FÓÐUR

Kettlingafóðrið á að veita mikilvæga næringu fyrir heilbrigðan þroska. Það þarf að velja af kostgæfni þar sem næringarefnin stuðla að góðri meltingu og heilsu.

Af hverju má ekki fódra kött eins og fólk?

Fæði mannfólks ætti ekki að yfirfæra yfir á kettlinga eða ketti – þó kettir séu orðnir nátengdir mannfólkinu þá erum við að tala um að næringarþarfir katta séu gerólíkar og ætti aldrei að gefa kettlingum eða fullorðnum köttum annað en sérhannað fóður. Til að mynda er fjölbreytt fæða mannsins nauðsynleg fyrir vöxt og þroska en því er nokkurn veginn öfugt farið þegar kemur að kettlingum og fullorðnum köttum; meltingarkerfi þeirra er einfaldlega ekki hannað til að takast á við margbreytilega fódrun.

- > Kjálkar katta eru gerðir til að bíta, ekki tyggja.
- > Meltingin fer fram með öflugum sýrum í maganum. Engin formelting á sér stað með munnvatninu.
- > Meltingarvegur katta er um 3% af heildarþyngd þeirra og fóðrið er um 12-24 tíma að fara í gegnum meltingarveginn. Meltingarvegur fólks er um 11% af líkamsþyngd og maturinn getur verið allt að fimm daga á leið í gegn. Því er auðséð af hverju fólk þolir betur fjölbreyttan mat án þess að truflun komi í meltingarveginn.



Frá sjónarhóli næringarfræðinnar

- > Kettir hafa mikla þörf fyrir prótein, meiri en hundar og allt að tvöfalt meiri en mannfólkið. Ólíkt flestum öðrum spendýrum geta kettir einungis myndað amínósýruna tárín (e. Taurine) í mjög takmörkuðu magni. Ef prótein sem innihalda tárín vantar í fóður katta getur það valdið blindu, hjartasjúkdómum eða vandamálum á meðgöngu.
- > Fita er mikilvæg orkulind fyrir ketti Ólíkt mannfólki og hundum geta kettir ekki framleitt arakidóníksýru (e. Arachidonic Acid, ARA) úr línóleíksýru (e. Linoleic Acid, LA), en arakidóníksýra er fitusýra sem myndar lípíð/fitu og er nauðsynlegt fyrir marga líffræðilega ferla.
- > Kettir hafa mjög sértækar vítamínþarfir
 - Kettir geta ekki myndað A-vítamín úr beta-karótíni eins og mannfólk og hundar.
 - Kettir fá aðeins D-vítamín úr fæðu á meðan mannfólk getur framleitt það úr húðinni með tilstilli sólargeisla.

Varðandi fódrun katta

- > Við mannfólkið viljum borða á ákveðnum matmálstímum og gefum okkur oftast langan tíma til að njóta matar. Kötturinn er öðruvísi og hneigist til að éta margar litlar máltíðir yfir daginn, allt að 16.

KJÖT EITT OG SÉR ER EKKI NÆGILEGA FJÖLBREYTT FÓÐRUN FYRIR KETTI ÞRÁTT FYRIR AÐ ÞEIR SÉU KJÖTÆTUR. Í NÁTTÚRUNNI ÉTA KETTIR ALLA BRÁÐINA, ÞAR Á MEÐAL INNYFLI HENNAR OG INNIHALDÞEIRRA SEM ERU OFT JURTIÐ EN EINNIG SINAR, HÁR OG KLÆR.

Kynnist kettinum, og virðið raunverulegar þarfir hans

1

Kettir borða
margar litlar máltíðir
(10-16 á dag)

2

Fóðrið kemur
í magann
án formeltingar

3

Melting er nokkuð hröð
og allt það sem meltist ekki
kemur út með hægðum í
miklu magni

Kettir hafa **30** tennur,
og eru allar
beittar.

Bragðlaukar kattarins
eru mjög fáir og kettir
hafa því lítið
bragðskyn og
finna ekki sætubragð.

Engin meltingarensím
eru í munnvatni
(engin formelting).

Kettir borða **margar**
litlar máltíðir yfir daginn.

Magi kattarins inniheldur
sexfalt meira hýdróklóríðsýru
(e. Hydrochloric Acid, HCl)
en hjá mönnum.

Smágirni kattarins
er um 1 metri á lengd.

Þrátt fyrir að stórgirni
sé stutt (20-40 cm) **fer**
fæðan hægt þar í gegn
og er stórgirni nokkuð
stór hluti heildar
meltingartímans í köttum.
Hér gerjast ómelt fæða.

Að borða eða ekki?

Kettir eru alræmdir gikkir. Því er mikilvægt að bjóða þeim næringarríkt fóður sem hentar bæði aldri þeirra og sérþörfum en er um leið afar gómsætt.

Á grundvelli fódurreynslu þróar hver köttur með sér smekk fyrir tilteknu fódri en hafnar öðru. Skilningur á smekk kattarrins hjálpar til við að velja fóður sem hverjum ketti þykir best. Þar að auki skiptir miklu máli þegar á reynir hversu aðlaðandi fóðrið er, t.d. þegar kötturinn er veikur og þurfa bragðgæði að vera mikil í ljósi lélegs bragðskyns katta.

Við ákvarðanatöku um fóður notar kötturinn öll skilningarvit sín

> Sjón og heyrn:

- Kettir eru þrefalt næmari fyrir hljóði en mannfólk og skynja mjög vel lág hljóð.
- Breitt sjónsvið, skörp sjón og nætursjón gerir köttum kleift að greina hluti á hreyfingu bæði á nóttu og degi.

> Mjög næmt lyktarskyn:

- Lykt skiptir meira máli en bragð fyrir ketti. Ef ilmurinn er góður borðar kötturinn.
- Breytingar á lyktarskyni geta haft áhrif á lyst og ef lyktarskynið dvínar eða eykst getur kötturinn neitað að éta.

> Snerting:

- Stærð og útlit fódurkúlna hefur áhrif á hversu vel köttur étur; þetta skiptir miklu máli fyrir ketti.
- Ákveðin veiðihár hjálpa kettinum að greina mismunandi áferð.


> Bragð:

- Þótt bragðskyn kattarrins sé vanþróað skiptir það samt máli við fóðurval því kötturinn skynjar beiskju, síru, salt og hversu ljúffengt fóðrið er. Kettlingur getur skynjað þetta eftir aðeins tíu daga frá fæðingu.
- Vegna þróunar kattategundarinnar hafa þeir glatað hæfileikanum til að greina sætubragð og köttum þykir sætt bragð ekki aðlaðandi; ef kötturinn sleikir botninn á morgunkornsdiskinum, er hann líklegast að sækjast eftir próteininu í mjólkinni frekar en sætubragði af morgunkorninu.
- Kettir eru mjög næmir fyrir ákveðnum beiskjumólékúlum sem einkenna flest eitrefni sem þeir þurfa að forðast.

> Eftir át katta:

Líðan katta eftir át hefur mikil áhrif á fóðurval. Því betur sem kettinum líður, þeim mun meira langar hann í fóðrið framvegis.

MANNFÓLK HEFUR MJÖG ÖFLUGT BRAGÐSKYN EN KETTIR HAFU UM 95% FÆRRI BRAGÐLAUKA EN MANNFÓLK. LYKT OG ÁFERÐ RÆÐUR MESTU UM HVERSU VEL KÖTTUR ÉTUR.



VATNSGIKKUR!

Sumir eigendur sjá köttinn sinn aldrei drekka og halda að honum þyki vatn vont. Kettir hafa þróast frá eyðimerkurdýrum sem fengu aðallega vatn með því að éta bráð sína og því er það rétt að þeir hafa ekki mikla þörf fyrir að drekka oft. Ef þeim líkar ekki vatnsaðgangurinn er líklegt að þeir sleppi drykkju. En þetta þýðir ekki að þeim þyki vatn ekki gott. Og góð vatnsneysla er mikilvæg fyrir heilbrigði þvagrásar.



Vissir þú að:

Þegar fjölbreytt úrval fóðurs er í boði hafa kettir hæfileikann til að velja það sem veitir þeim næringarlegt jafnvægi. Niðurstöður rannsókna hafa sýnt fram á að kettir hafa þrjár leiðir til að grípa fæðuna og fer það eftir líkamsbyggingu andlitsins og þar með tegund kattarins:

- > Með vörum (algengast) - fyrsta snertingin er með vörnum og síðan er fæðan gripin með vígtönnum.
- > Með yfirborði tungu - kötturinn lepur.
- > Með undirhlíð tungu - kötturinn notar undirhlíð tungunnar til að hrifsa molana og snýr þeim síðan við.

Af hverju má ekki gefa kettlingi fóður sem er ætlað fullorðnum ketti?

..... Fjá börn sama mat og fullorðnir? Auðvitað ekki! Meltingarkerfi barna er viðkvæmt, litlir kjálkar, engar tennur og þau geta því til dæmis ekki bitið í epli. Samanburður á þessum tveimur tegundum auðveldar skilning á því af hverju kettlingar þurfa annað fóður en fullorðnir kettir.

Kettlingar eru að minnsta kosti 12 mánuði að ná fullri stærð og fer það eftir tegund og kyni. Því stærri tegund, þeim mun lengri tíma tekur það kött að ná fullri stærð. Þar sem högnar eru yfirleitt stærri en læður er vaxtartími þeirra töluvert lengri. Vaxtartíminn er mikilvægasta aldurskeið kattarins. Þeir læra framtíðaratferli sitt og líkami þeirra er mótaður í endanlega stærð og lögun. Þegar kettlingur nær fullorðinsaldri hefur hann margfaldað kettlingaþyngd sína 40-50 sinnum. Það má því ljóst vera að á fyrstu mánuðum ævinnar eru áhrif næringar afar mikil og mikilvæg.

Á fyrstu mánuðum ævinnar eru áhrif næringar afar mikilvæg

Þroski kettlings skiptist í tvö stig og næringarþörf er breytileg á fyrsta árinu

> Frá fæðingu til 4 mánaða aldurs

Þetta æviskeið kettlingsins er áttakamið og einkennist af afar viðkvæmu vaxtartímabili þar sem hætt er við meltingartruflunum. Þá er mikilvægt að fóðrið sé orkuríkt til að mæta vaxtarþörfum en um leið auðmeltanlegt vegna meltingarkerfisins sem er enn óþroskað.

Kettlingurinn er **vaninn af spena (móðurmjólkin)** og við tekur föst fæða.

Þetta gerist á þeim tíma þegar mjólkurtennurnar koma upp við 3-6 vikna aldur. Kettlingurinn er þá ekki fær um að bíta og bryðja og blautfóður (þurrfóður með vatni) eða annað blautfóður auðveldar þessa breytingu. Kettlingurinn hættir ekki alveg á spena fyrr en um 7 vikna aldur **en getur þó byrjað á föstu fæði eftir 4. eða 5. viku.**

Reyndar er það svo að kettlingar herma eftir móður sinni og byrja að smakka fóður á föstu formi oft u.þ.b. mánaðar gamlir.

Til að auðvelda þessi skipti er mögulegt að bleyta þurrfóðrið með heitu vatni eða mjólkurblandi til að úr verði grauttur. Draga má úr vökvamagninu þar til kettlingurinn getur étið þurrfóðrið eingöngu.

> Frá 4 mánaða aldri til 12 mánaða

- Beinagrindin verður smám saman sterkari.
- Vöðvamassinn eykst.
- Meltingarkerfið og ónæmiskerfið þroskast jafnt og þétt.
- Kettlingurinn missir mjólkurtennurnar og í stað þeirra koma varanlegar tennur (milli 4. og 7. mánaðar). Þegar fullorðinstennurnar eru komnar þarf kettlingurinn mola í hæfilegri stærð til að hvetja hann til að nota kjálka og tennur.

Ef kettlingurinn fær ekki fóður sem hentar á vaxtarskeiðinu getur hann orðið fyrir næringarskortu eða ofnæringu sem veldur þroskavandálum og hefur mögulega áhrif á heilsu hans síðar meir. Með því að gefa kettlingnum rétt fóður á þessum tíma og halda því áfram á fullorðinsárum, eru forsendur réttar fyrir löngu og heilbrigðu lífi.

KETTLINGUR ER KÖTTUR AÐ VAXA - SAMSETNING, ÁFERÐ OG STÆRÐ FÓÐURS VERÐUR AÐ MIÐAST VIÐ ALDUR.



Til að efla meltingu kettlingsins, vöxt hans og lífsorku verður fóðrið að vera sérvalið með réttum hlutföllum næringarefna í því formi sem hæfir stærð hans og meltingargetu.

Á fyrstu mánuðum ævinnar - orka en ekki of mikil!

Margir þættir hafa áhrif á vöxt og góð næring skiptir þar miklu. Fóðrið veitir kettlingi orku og næringarefnin eru nýtt til að byggja upp og **viðhalda beinum, vöðvum og líffærum**. Kettlingur stækkar hratt og því verður fóðrið að vera orkuríkt. Kettlingar þurfa **áfram mikla orku** þar til þeir eru um 12 vikna gamlir og éta á þessu tímabili þrisvar sinnum meira á hvert kílógramm líkamspýngdar en fullorðinn köttur (200-250 hitaeiningar/kg).

Mesta vaxtarskeiðið er svo á milli fjögurra og fimm mánaða aldurs, þegar kettlingurinn þyngist um hvorki meira né minna en 100 grömm á viku. Síðan hægir á vextinum en orkuþörfin er enn mikil. Þó er ekki góð hugmynd að auka skammtastærðina því það getur leitt til of mikils álags á óþroskað og viðkvæmt meltingarkerfi og stuðlað að ofþyngd; of þungir kettlingar eiga á hættu að þroskast ekki rétt. Ef kettlingur fær meira fóður en mælt er með getur það leitt til offitu sem eykur hættu á sykursýki og öðrum heilsuvandamálum þegar kettlingurinn verður fullorðinn. Regla á mataræði, þar sem fóðrið hentar næringarþörfinni, tryggir jafnvægi í næringu og kemur í veg fyrir ofþyngd og offitu.



Melting: Viðkvæm á fyrstu mánuðunum

Meltingarvegur nýfædds kettlings er fullkomlega hannaður fyrir meltingu á móðurmjólk en smám saman, þegar kettlingurinn vex, tapar hann getunni til að melta mjólk. **Kúamjólk hentar hvorki fyrir kettlinga né fullorðna ketti** þó margir haldi það. Þegar kettlingur hættir á spena er meltingargeta hans enn ekki fullþroskuð því ensímamyndun er takmörkuð. Þroski meltingarvegur kemur smám saman með aldri og auknum vexti.

Ef kettlingur er ófær um að melta fóðrið nægilega vel, nýtir hann ekki næringarefnin sem þar er að finna og getur þreyst fljótt og jafnvel ekki þroskast eðlilega. Lífefnafræðilega rétt samansett næring gefur næringarefni í réttum hlutföllum sem eru bæði nauðsynleg fyrir samfelldan vöxt og eru auk þess auðmeltanleg, sem þýðir að kettlingurinn nýtir þau betur og því er slíkt fóður miklu heppilegra og skilvirkara.

„Ónæmisbilið“ er mikilvægt stig í byrjun lífsins

Fyrir got er kettlingurinn öruggur í hlýju legi móðurinnar.

Við fæðingu er ónæmiskerfi kettlingsins mjög vanþroskað og hann reiðir sig á mótefni móðurinnar sem koma með broddmjólkinni. Magn mótefna frá móður minnkar á fyrstu tólf vikunum á ævi kettlingsins.

Á þessum tíma byrjar kettlingurinn að skoða og kanna umhverfi sitt og þróa sitt eigið varnarkerfi gegn smitþáttum. Tímabilið þar sem vernd móður er ófullnægjandi og varnarkerfi kettlingsins er enn vanþroskað er viðkvæmt vegna smithættu og er oft kallað „Ónæmisbilið“. Á þessum tíma geta sértæk næringarefni og önnur lífvirk efni í fóðrinu, eins og andoxunarefni og efni sem örva bætibakteríuvöxt, svokallað góðgerlafæði, (e.Prebiotics), stuðlað að þroska ónæmiskerfisins og eftl náttúrulegar varnir kettlingsins.

Öflugt ónæmiskerfi er því grunnur að frábærum og heilbrigðum fullorðnum ketti. Jafnvægi í ónæmiskerfinu hefur marga kosti í för með sér fyrir heilbrigði kettlings, sem verður færari um að verjast sýkingum og sjúkdómum og verður almennt heilbrigðari.

Hvað á að gefa kettlingnum að éta þegar hann kemur á nýja heimilið?

Skýndileg breyting á fódru getur valdið meltingartruflunum og fyrsta reynslan af fódurtegund getur haft mikil áhrif á mótun fódursmekkis síðar. Því er afar mikilvægt að gera ekki hraðar breytingar á fódruinu sem kettlingurinn fær, því það getur valdið óþarfa meltingarálagi og niðurgangi og einnig orðið til þess að kettlingurinn vill ekki viðkomandi fódur síðar. Best er því fyrir nýjan eiganda kettlings að fá upplýsingar um fódru kettlingsins og fódurtíma áður en hann kemur á sitt nýja heimili (þar á meðal fjölda máltíða á dag, hvort skammtað hafi verið í skálina eða magnið hafi verið frjálst) og ákjósanlegast er að halda þessari fódru og reglu hið minnsta á meðan kettlingurinn venst nýja heimilinu.

Til að raska ekki viðkvæmu meltingarkerfi kettlingsins er best að gefa honum það sama og hann fékk áður en hann kom á nýja heimilið. Ef ætlunin er að breyta um fódur er best að gera það smám saman. Æskilegast er að blanda nýja fódruinu smátt og smátt við núverandi fódur. Þannig er hægt að komast hjá auknu meltingarálagi og niðurgangi. Mikilvægt er að muna að fódurbreytingarnar, eins og þeim sem er lýst í myndinni hér að neðan, ætti að nota með öllum breytingum á fódru kettlingsins eða kattans alla hans ævi.

DAGUR
1 & 2



- 75% af núverandi fódru
- +25% af nýju fódru

DAGUR
3 & 4



- 50% af núverandi fódru
- +50% af nýju fódru

DAGUR
5 & 6



- 25% af núverandi fódru
- +75% af nýju fódru

DAGUR
7 OG EFTIR ÞAÐ



- 100% af nýju fódru

Hvaða fódur á að velja?

Ef kettlingurinn fær heimatilbúinn mat/fódur er erfitt að meta hvort hann fær öll næringarefni sem eru nauðsynleg fyrir vöxt og þroska. Notið frekar hágæða fódur frá gæludýrabúðum eða dýralækninum því það inniheldur öll nauðsynleg næringarefni í réttum hlutföllum og er tilbúið fyrir kettlinginn að éta. Gætið þess að fódrið sé sniðið að næringarþörfum kettlingsins á báðum vaxtarskeiðum hans; frá fæðingu til 4 mánaða og frá 4 mánuðum til 12 mánaða. Sérniðið fódur inniheldur blöndu af andoxunarefnum, vítamínum og lífsnauðsynlegum amínósýrum sem geta eftt náttúrulegar varnir kettlingsins og stuðlað að eðlilegum vexti og þroska. Þetta fódur fæst bæði blautt og þurr og það má gefa daglega.

Munið að áferðin, lögun fódurmolanna og hve auðvelt er að ná þeim upp hefur áhrif á áhuga kettlingsins til þess að nærast. Mælt er með því á vaxtarskeiðinu að bjóða kettlingnum mismunandi áferð á fódru þar sem það hjálpar honum að meðtaka mismunandi fódur á fullorðinsárum og það eykur líka fódurát kettlingsins heilt yfir, til stuðnings uppbyggingu og þroska. Heilnæmt fódur er framleitt af kostgæfni samkvæmt sömu kröfum um heilbrigði og öryggi og við gerð matar fyrir mannfólk. Þannig eru ýrustu kröfur um gæði og öryggi uppfylltar.



Hver eru sýnileg áhrif heilnæms fódurs á kettlinginn?

- > Fjör
- > Góð matalyst
- > Vel mótaðar hægðir, engar meltingartruflanir
- > Samræmdur líkamsvöxtur
- > Gljáandi feldur

Hver eru ósýnilegu áhrifin?

Næringin skiptir miklu máli fyrir eflingu náttúrulegra varna kettlingsins. Alvarlegur skortur á vítamínum og öðrum lífsnauðsynlegum efnum getur raskað eðlilegum þroska ónæmiskerfis kettlingsins og valdið tíðari veikindum hjá honum.

Hvar, hvenær og hvernig á að fódra kettlinginn?

..... Kettlingar og flestir kettir vilja éta á rólegum og öruggum stað þar sem auðvelt er að forða sér ef nauðsyn krefur. Best er því að velja kyrrlátan stað, fjarri kattasandinum og leyfa kettlingnum eða kettinum að nærast sig í friði.

> Mikilvægt er að gefa kettlingum og köttum rétt fóður og í hæfilegu magni miðað við aldur. Mikilvægt er að farið sé eftir leiðbeiningum á umbúðunum.

> Ekki skilja blautmat eftir lengur en klukkutíma í skálinni því hann þornar og verður ekki eins girnilegur.

Forfaðir kattanna, *Felis silvestris lybica*, afríski villikötturinn, fór einn á veiðar og hafði lagað átvenjur sínar að næringarfræðilegri óvissu og breytilegu næringargildi bráðarinnar. Þessi þróun hefur enn áhrif á átvenjur katta; ef dagskammturinn er tiltækur kettinum kemur hann að skálinni sinni 10 til 16 sinnum á sólarhring og fær sér smáræði í hvert sinn.

> Ef kötturinn getur skipulagt fóðrun sína sjálfur með því að éta lítið í einu er óhætt að gefa honum dagskammtinn allan að morgni og leyfa honum stöðugan aðgang að skálinni.

> Hins vegar, ef kötturinn á það til að éta allan skammtinn í einum rykk, er betra að skipta dagskammtinum í marga litla skammta.





Hve mikið drekkur kettlingur?

- Kettir drekka ekki mikið vatn. Þetta má rekja til villtra forfeðra katta sem lifðu í eyðimörkum og gátu stjórnað þvaglátum og forðast vökvaskort. Fóðurtegundin hefur áhrif á vatnsmagn enda innihalda þurrfóðurmolar ekki mikið vatn (minna en 10%). Blautfóður nægir hins vegar oftast til að sinna vatnspörfum katta enda er sumt blautfóður allt að 80% vatn. Hvert sem fóðrið er, þá er einboðið að hvetja ketti til þess að drekka meira vatn því heilbrigður vatnsbúskapur stuðlar að almennu heilbrigði katta.
- > Mikilvægt er að kötturinn hafi aðgang að hreinu og fersku vatni og góð leið til þess er að setja nokkrar vatnsskálar hér og þar á heimilinu. Kettir drekka þegar færi gefst og fara ekki í sérstakan leiðangur eftir vatni. Síðan getur komið í ljós að kötturinn á sér upphaldsstað til að drekka á og má þá leggja sérstaka áherslu á þann stað.
- > Best er að setja vatnsskálar fjarri fóðurskálinni því kettir telja að éta og drekka vera aðskildar athafnir. Frá sjónarhóli þróunar kemur þetta í veg fyrir hættu á að drekka vatn mengað smitberum úr viðkomandi hræi. Sömuleiðis ætti ekki að staðsetja vatnsskál nálægt kattasandi.
- > Hentugast er að nota skálar úr keramik, gleri eða stáli. Mörgum köttum líkar illa bragðið af vatninu úr plastskál. Víð og grunn skál sem er fleytifull er vinsæl því þá getur kötturinn fylgst með umhverfinu á meðan hann drekkur.
- > Ef fleiri en einn köttur er á heimili er vissara að hafa margar vatnsskálar til að koma í veg fyrir deilur. Kettir vilja ekki standa í biðröð!
- > Skiptið reglulega um vatn til að halda því fersku. Kettir vilja helst að skipt sé oft um vatn. Það tryggir í þeirra huga að drykkjarvatnið sé hreint og ómengað.

TRYGGIÐ

FULLA HEILBRIGÐISSKOÐUN HJÁ DÝRALÆKNI

Eftirlit með heilbrigði kettlingsins er blanda af ráðgjöf dýralæknis og reglulegra skoðana eiganda.

Hvernig á að fylgjast með vexti?

Best er að vigta kettlinginn reglulega til að fylgjast með hvort hann þyngist. Hægt er að nota barnavog eða eldhúsvog. Vigtið kettlinginn á sama tíma dags á tveggja vikna fresti frá tveggja mánaða aldri (vikulega ef kettlingur er yngri). Kettlingurinn ætti að þyngjast um 10 til 30 grömm á dag og fer það eftir tegund hversu hratt hver kettlingur þyngist. Ef þyngdin stendur í stað eða lækkar verður að bæta við mjólkurdufti í fóðrið eða viðeigandi kettlingafóðri eftir að kettlingurinn hættir á spena. Fáðu ráð hjá dýralækninum.

Hve oft ætti kettlingurinn að fara til dýralæknis?

Mikilvægt er að heimsækja dýralækni skömmu eftir komu kettlingsins á heimili. Eftir það er áriðandi að ráðfæra sig reglulega við dýralækni varðandi heilbrigðissskoðun, almenna umönnun, þyngd, bólusetningar og ormahreinsun. Hafið símanúmerið hjá dýralækninum tiltækt og einnig neyðarnúmer dýralæknaþjónustu.

Hvernig á að velja dýralækni?

Sparið tíma með því að velja dýralækni áður en kettlingurinn kemur á heimilið. Tilvalið er að biðja ættingja eða vini sem eiga gæludýr um meðmæli. Aðal atriðið er að velja dýralækni sem þið kettlingurinn getið myndað gott og langvarandi samband við, sem auðveldar samvinnu og kemur kettinum til góða. Traust samband við dýralækni er mikilvægt fyrir heilbrigðiseftirlit kettlingsins.

Atriði sem þarf að hafa í huga

- > Hversu nálægt heimili kattarins er dýralæknastofan?
- > Er hreint og snyrtilegt á dýralæknastofunni og umönnunin góð?
- > Er önnur þjónusta í boði? Hjúkrun, næringarráðgjöf, fræðsluefni eða snyrting?
- > Er neyðarþjónusta í boði?
- > Er þjónustan bara fyrir ketti eða er sér biðsvæði fyrir ketti? Annars gæti kötturinn þurft að deila biðstofu með mörgum hundum.
- > Eru sérstakar hillur til staðar þannig að hægt sé að setja kattarbúrið hátt upp á meðan beðið er?



Forvarnir eru mikilvægar og þær hefjast við fæðingu kettlingsins.

Auðkenni

Í sumum löndum er skylt að auðkenna selda eða ættleidda kettlinga, ýmist með flúri eða örflögu og dýralæknir sér yfirleitt um það. Auðkenning er nauðsynleg. Ef köttur týnist eða villist veitir auðkennisnúmerið upplýsingar um eiganda.

DÝRALÆKNIRINN ER EINI AÐILINN SEM GETUR AÐSTOÐAÐ VIÐ AÐ VELJA BÓLUSSETNINGAR HANDA KETTLINGNUM MEÐ HLIÐSJÓN AF UMHVERFISHÆTTUM Á VIÐKOMANDI SVÆÐI.



Bólusetningar

Bólusetningar styrkja náttúrulegar varnir kettlingsins og koma í v eg fyrir smitandi eða banvæna sjúkdóma. Kettlingar fá yfirleitt fyrstu bólusetninguna átta vikna þegar mótefni móður vernda þá ekki lengur og þeim er sérlega hætt við sjúkdómum. Dýralæknirinn framkvæmir alhliða skoðun til að meta hvort heilsa kettlingsins leyfi bólusetningu. Eftir fyrstu bólusetninguna þarf reglulega eftirfylgni. Ónæmi gegn sjúkdómum endist mislengi og kötturinn þarf ekki endilega sömu sprautur á hverju ári.

Meðferð gegn utanaðkomandi sníkjudýrum

Kettlingurinn er auðvelt skotmark fyrir sníkjudýr sem festa sig við kettlinginn og lífa á blóði hans í gegnum bit. Skoðið kettlinginn reglulega, einkum ef hann er síðhærður, til að gá að sníkjudýrum og fjarlægjið öll sem finnast. Mítla má taka með sérstökum tögum en fáði ráð hjá dýralækni ef með þarf.

JAFNVEL INNIKETTIR ÞURFA VERND GEGN SNÍKJUDÝRUM ÞVÍ ÞAU HAFU MARGAR LEIÐIR TIL AÐ KOMAST INN Á HEIMILIÐ.

Ormahreinsun vegna innvortis sníkjudýra

Innvortis sníkjudýr geta valdið þembu, meltingartruflunum eða möttum feldi. Sum sníkjudýr geta færst til manna, einkum í börn og valdið þar vandræðum og því er mikilvægt að hafa stífar ormareglur í gildi. Meðferðin verður að vera reglulega frá tveggja mánaða til 6-8 mánaða og árlega eftir það. Kettlingar eru viðkvæmari fyrir sníkjudýrum en fullorðnir kettir því ónæmiskerfi þeirra er ekki fullmótað. Dýralæknirinn þinn mælir með ormaáætlun í fyrstu heimsókn sem hentar aðstæðum hverju sinni.

UNDIRBÚÐU

FYRSTU HEIMSÓKNINA TIL DÝRALÆKNIS

DÝRALÆKNAR LÁTA SÉR EKKI NÆGJA AÐ SKOÐA KETTLINGINN EINGÖNGU. HEILBRIGÐI KETTLINGSINS VELTUR LÍKA Á VEITNUM UPPLÝSINGUM FRÁ EIGANDA UM FÓÐRUN OG LÍFSSTÍL.

2

FYRIR HEIMSÓKNINA ER GOTT AÐ SKRÁ FÓÐUR KETTLINGSINS (TEGUNDIR, MAGN OG ÞESS HÁTTAR) OG BÓKFÆRA LÍKA BREYTINGAR SEM SÉST HAFNA NÝLEGA (MATARLYST, UMSKIPTI, ATFERLI O.S.FR.V.).

1

EF HEILSUFARSBÓK FYLGIR KETTLINGNUM FRÁ RÆKTANDA EÐA KATTAATHVARFI ÞARF AÐ SÝNA DÝRALÆKNI HANA Í FYRSTU HEIMSÓKNINNI.

3

EF KÖTTURINN ER EKKI VANUR FERÐALÖGUM ER HÆGT AÐ DRAGA ÚR STREITU Á FERÐAÐEGI MEÐ ÞVÍ AÐ HAFNA BÚRIÐ OPIÐ Á HEIMILINU Í NOKKRA DAGA SVO KÖTTURINN GETI LEIKIÐ SÉR Í ÞVÍ EÐA BLUNDAÐ. ÞÁ SKILUR KÖTTURINN LYKTINA AF SÉR EFTIR OG AUÐVELDARA VERÐUR AÐ SETJA HANN Í BÚRIÐ ÞEGAR ÞAR AÐ KEMUR AÐ FERÐAST.

4

Á MÓTTÖKUSVÆÐINU OG BIÐSTOFUNNI ER BEST AÐ SNÚA FRAMENDA BÚRSINS AÐ SÉR (FREKAR EN Í ÁTT AÐ ÖÐRUM KÖTTUM OG HUNDUM) OG GOTT AÐ BREIÐA TIL DÆMIS HANDKLÆÐI YFIR BÚRIÐ. GOTT ER EINNIG AÐ HAFNA BÚRIÐ HÁTT UPP EN ÞÓ Á ÖRUGGUM STAÐ - KÖTTUM LÍÐUR BETUR UPPI!

Hvernig get ég komið í veg fyrir óeðlilega þyngd?

- Lítil hreyfing innikatta ásamt miklu áti leiðir til ofþyngdar eða offitu hjá vaxandi fjölda katta. Til að halda köttum í hæfilegri þyngd er best að lesa leiðbeiningar á fódurpokum og mæla skammtana samkvæmt því. Ekki er æskilegt að gefa ketti meira fóður en ráðlegt er á umbúðunum. Minnkið heldur ekki kettlingafóður til að koma í veg fyrir þyngdaraukningu, því með því getur næringarjafnvægið raskast. Íhugið að nota frekar þrautir til að lokka kettlinginn eða köttinn til að vinna fyrir mat sínum og hafið nóg af tækifærum til að klifra og leikið reglulega við kettlinginn. Eftirlit með fóðurneyslu og þyngd er mikilvægt enda minnkar það líkurnar á að kettlingurinn eða kötturinn verði of feitur eða þungur með tilheyrandi heilsubresti.

Vissir þú að...

Fóðurtíraunir á 32 fullorðnum köttum sýndu að stærð matarskálar hefur áhrif á neyslu. Kettir sem fá matinn sinn í mjög stóra skál borða miklu meira en kettir sem fá sama magn í litla skál. Lítil skál getur haft jákvæð áhrif við að draga úr þyngdaraukningu.



Gelding getur verið góður kostur. Það dregur úr vaxandi fjölda villikatta en **hefur líka mikil áhrif á heilsu og atferli kattarins alla ævi.**

- > Gelding dregur úr hættu á tilteknum krabbameinum og einnig á hættulegum sýkingum í legi hjá læðum. Við geldingu merkja högnar síður umhverfi sitt og geldingin eykur lífslíkur því kettirnir slást síður og smitast þar með síður af óæskilegum örverum.

- > Kettlingar vaxa hratt og kynþroskinn kemur við sex mánaða aldur hjá læðum og á bilinu sex til tólf mánaða hjá högnum. Þetta er besti tíminn til að gelda. Það er þó mismunandi eftir tegundum og árstíðinni sem kettlingurinn fæddist í hvenær nákvæmlega er best að gelda. Mikilvægt er að ráðfæra sig við dýralækni um besta tímann til að gelda kettlinginn.

- > Gelding veldur breytingum í hormónastarfseminni. Tveimur sólarhringum eftir geldingu auka kettir fóðurneyslu sína (+26% hjá högnum og +18% hjá læðum). Um leið dregur úr orkueyðslu um 30%. Ef fóðurmagn er ekki aðlagð samkvæmt þessu getur þyngdaraukning átt sér stað. Áhættan eykst ef kettlingurinn hreyfir sig í takmörkuðu magni.

Fóðrun á að veita nauðsynleg næringarefni í réttum hlutföllum og um leið koma í veg fyrir þyngdaraukningu. Nýja fóðrið má kynna fyrir kettlingnum skömmu fyrir geldingu svo að hann þurfi ekki að glíma við streituna af heimsókn til dýralæknis, ásamt breyttu fóðri.

Farið eftir ráðleggingum dýralæknis og gætið þess að kettlingurinn sé virkur um leið og fylgst er með mataræði hans.



VELLÍÐAN

- Þekktu og skildu kettlinginn þinn
- Auðgaðu líf kettlingsins til að auka vellíðan hans
- Viðhaltu hreinlæti kettlingsins

**KETTLINGAR ERU
FORVITNIR OG ÞEIM
FINNST GAMAN AÐ
LEIKA SÉR**

**FÉLAGSLEG AÐLÖGUN
Í UPPHAFI HEFUR
ÁHRIF Á ATFERLI Á
FULLORÐINSÁRUM**

**RÍKULEGT UMHVERFI
EYKUR VELLÍÐAN
KETTLINGSINS**

**Að skilja samskipti katta og félagslegt atferli
að baki þeim er góður grunnur að góðu
sambandi við kettlinginn þinn.**

Þótt kettir séu sjálfstæðir
þurfa þeir samt mikla athygli
og gælur og ættu ekki að
vera einir í langan tíma.
Ákveðið alltaf tíma til að
verja með kettlingnum á
hverjum degi, líka um helgar.



AÐ ÞEKKJA OG SKILJA KETTLINGINN ÞINN

Mismunandi áreiti sem kettlingurinn verður fyrir hvetur hann til að vera forvitnari og opnari fyrir lífinu. Fyrstu 14 vikur ævinnar eru mjög mikilvægar fyrir félagslega aðlögun. Á þessum aldri er líklegt að tilteknir atburðir hafi langvarandi áhrif á atferli fullorðinsára og síðari vinahót.



Áhrif umhverfis

Hagstætt umhverfi er þar sem kettlingar geta auðveldlega haft samskipti og kynnt sér fólk og hluti. Þeir ættu að vera meðhöndlaðir af fólki á mismunandi aldri, kynnast öðrum dýrum og upplifa ýmis hljóð, há og lág. Því meiri sem örvunin er í umhverfinu því yfirvegaðri verður kettlingurinn.



Félagsmótun með móður og systkinum

Fyrstu fjórar vikur ævinnar er kettlingurinn líklega í samskiptum við móður sína og systkini. Mæður gegna mikilvægu hlutverki í uppeldi kettlinga, kenna þeim hreinlæti og félagslega siði með fordæmi og leik og gefa þeim næringu, fylgjast með þeim, hugga þá og vernda. Jákvæð félagsleg samskipti á þessum fyrstu vikum lífsins hafa áhrif á hve félagslyndur kettlingurinn verður síðar. Kettlingar þurfa að skilja hvað má og hvað má ekki við fyrsta tækifæri, áður en vopnin þeirra (tennur og klær) eru fullmótað. Í „gamnislag“ við systkini hjálpa bit og klór þeim að skilja hvað þeir mega vera grimmir þegar þeir nota tennur og klær.

Kettlingar sem alast upp hjá móður sinni ættu ekki að fara frá henni fyrr en þeir hafa náð tveggja mánaða aldri. Þetta er gert til að draga úr streitu við að hætta á spena og gefur þeim tíma til að öðlast viðeigandi félagslega reynslu með móður og systkinum.



Að taka við móðurhlutverkinu

Hlutverk þitt er mikilvægt í að fullkomna menntun kettlingsins í nýju umhverfi, fá kettlinginn til að taka upp rétt atferli svo allir á heimilinu lifi í sátt og samlyndi. Þegar kettlingurinn kemur á heimilið er mikilvægt að setja mörkin strax svo hann komist ekki á svæði þar sem hann getur valdið usla. Sömmuleiðis þarf gæta þess að samskipti hans við fólk, önnur dýr og hluti séu undir eftirliti, jákvæð og streitulaus. Í hlutverki nýju móður kettlingsins verður að tryggja að kettlingurinn skilji að klór og bit er bannað í leik. Með því að veita kettlingnum mikla snertingu (kemba og strjúka) hjá nýju fjölskyldunni og öðrum, stuðlar það að því að kettlingurinn verði vinalægur á fullorðinsárum. Kettlingurinn verður rólegri og líður betur með mikilli snertingu alls staðar, líka við skoðun á eyrum, munnni og loppum. Þá verða heimsóknir til dýralæknis miklu ánægjulegri fyrir alla aðila. Það tryggir líka öryggi þeirra sem umgangast kettlinginn, einkum barna.

Er hægt að þjálfra kettlinginn?

Þótt almennt sé talið að ekki sé hægt að temja ketti þá eru þeir fullfærir um að læra tiltekið atferli. Það eina sem þarf er þolinmæði og jákvæð umbun. Virk þjálfun getur stuðlað að góðu hreinlæti og forðað spennu milli eiganda og gæludýrs. Þetta er líka góð leið til að veita kettlingnum nauðsynlega andlega örvun.

Kettlingar læra á tvo vegu: með því að herma eftir atferli móður og með því að prófa sig áfram. Í síðara tilvikinu verða þeir að taka afleiðingum gjörða sinna. Ef þeim líkar við afleiðingarnar er líklegt að atferlið endurtaki sig. Ef ákveðið er að nota góðgæti við þjálfun þarf að gæta þess að það verði ekki meira en 10% af daglegri næringu kettlingsins, til að forðast óþarfa þyngdaraukningu eða raska næringarjafnvæginu.

Kettir eru mjög næmir fyrir sýnilegum vísbendingum (líkamstjáning, stellingar) frekar en munnlegum skipunum og þeir geta skilið hvernig eiganda líður með því að fylgjast með framkomu hans og bendingum og jafnvel sjá fyrir hvað á að gera. Við þjálfun kettlingsins er best að nota skýr og samfelld merki við samskipti til að efla góðan skilning.



Kettlingur er vaninn á kattasandkassann

Margir kettlingar læra að nota kattasandkassann með því að fylgjast með móður sinni. Til að hámarka kassavanann er best að finna sand sem kettlingurinn hefur áður notað en ef skipta á um kattasandstegund er best að gera slíkt í áföngum. Gætið þess að kassinn sé á aðgengilegum og kyrrlátum stað fjarri svefnherbergjum og fóður- og drykkjarskálum. Ef kettlingurinn er ekki kassavanur þegar hann kemur á heimilið, er gott að setja hann í kassann og krefsa með loppunni hans í sandinn - best er að gera þetta strax eftir át eða svefn. Ef þetta gengur ekki og kettlingurinn notar ekki kassann, ætti að prófa annan sand eða annan kassa (t.d. lokaðan kassa eða kassa með lægri brúnum). Afslappað fas við kassanotkun, lafandi skott, eyru framsperrt og lítillga til hliðar, eru merki um það. Hreinsa þarf kattasandinn oft, fjarlægja hægðir daglega og vikulega er kassinn þvegin og skipt um sand.



Að koma í veg fyrir klór

Kettlingum er eðlilegt að klóra hluti á heimilinu en eigendur kunna aldrei vel að meta það! Kennsla til að koma í veg fyrir klór ætti að hefjast sem fyrst. Einfalt „nei“ ásamt fingrasmelli nægir oft. Innikettir verða að hafa nóg tækifæri til að brýna klærnar og klórustaurar hér og þar geta forðað tjóni á húsgögnum og gluggatjöldum.



Persónuleiki kettlingsins

Hver kettlingur er einstakur. Að skilja persónuleika hans og smekk stuðlar að gagnkvæmu og góðu sambandi.

Hægt er að kynna kettlingnum betur með eftirfarandi prófum:

> Álpappírprófið

Hnoðið álpappír í kúlu fyrir framan kettlinginn en gætið þess að hvassar brúnir meiði hann ekki. Ef kettlingurinn bregst seint við getur það táknað ótta eða áhugaleysi á hlutum á hreyfingu. Munið að betra er að kettlingur hafi nóg af viðeigandi leikföngum en að hann sé látinn óáreittur.

> Hávaðaprófið

Klappið þétt saman höndunum fyrir framan kettlinginn. Ef hann virðist forvitinn og rólegur í senn, hefur hann verið alinn upp í ríkulegu og örvasandi umhverfi. Ef hann forðar sér, er best að venja hann daglega við hljóð hversdagslífsins svo hann venjist hávaða á heimilinu.



> Aðlögunarprófið

Fylgist með kettlingnum í fjarlægð. Ef hann hleypur til og vill leika með skóreimarnar eða nudda sér upp við þig er hann vel aðlagður. Ef hann sýnir ótta og vill forða sér þegar þú nálgast hann er möguleiki að hann sé ekki nógu félagslyndur eða sé feiminn að eðlisfari. Mikilvægt er að fara aftur í gegnum aðlögunina. Kettlingurinn þarf að hafa leikföng og fólk þarf að leika við hann og gætið þess að öll samskipti á heimilinu við fólk, önnur dýr og hluti séu jákvæð og streitulaus.

KYNNIST KETTLINGNUM BETUR MEÐ LEIK.

KETTLINGURINN ER MJÖG NÆMUR FYRIR LÍKAMSTJÁNINGU OG ATFERLI.

EF KETTLINGURINN KLÓRAR EÐA BÍTUR ER BEST AÐ SKAMMA HANN ÁKVEÐIÐ EN ÞÓ MEÐ MILDUM HÆTTI.

> Meðhöndlunarprófið

Kettlingur sem er sáttur við að vera klappað á kviðnum meðan hann liggur á bakinu verður ljúfur og auðveldur í samskiptum. Ef hann veitir mótspyrnu og reynir að klóra er það merki um að hann kunni að sýna ófyrirsjáanlega hegðun, t.d. að reyna að bíta þegar honum er strokið.

Hvernig hefur kettlingurinn samskipti?

- Samskipti kettlingsins við mannfolk eru með fernum hætti: Snerting, lykt, svipbrigði og hljóð.



Samskipti með snertingu

Þegar kötturinn vill vera nálægt öðrum gæludýrum og mannfólki er það merki um gagnkvæma væntumþykju. Samsnerting nefnist það þegar tveir kettir nudda sér hvor upp við annan. Gagnkvæm snyrting er endurgjaldandi atferli og sést oft í kjölfar átaka sem sáttaatferli. Einnig er þetta stundum undanfari leiks. Þæfing er þegar kettlingurinn nuddar sér upp við þig, þæfir hné þín og kjöltu í langan tíma. Þetta er merki um mikla ánægju og upplifun á vellíðan sem kettlingurinn fann þegar hann var á spena.



Lyktarmerking

Lyktarmerking er náttúrulegt atferli og samskiptaleið. Þetta getur verið viðvörðun til annarra dýra að nálgast ekki, merki um kvíða eða staðfesting á landamerkjum. Kettlingar miðla lykt með nuddi, klóri og úðun.

> Nudd

Lyktarkirtlar eru á andliti, skotti og loppum kettlingsins. Þessir kirtlar seyta ferómónum sem eru efni sem eiga þátt í sífelldri könnun umhverfis kettlingsins.

Merking er gerð með því að nudda andliti og líkama við hluti, fólk og önnur dýr. Þetta er notalegt atferli sem sýnir öryggiskennd kettlingsins. Á þennan hátt sýnir kettlingurinn hvað hann telur tilheyra umhverfi sínu. Ekki túlka þetta sem ósk um fóður. Slík rangtúlkun getur stuðlað að ofþyngd kattarins.

> Klór

Þegar kettlingurinn klórar hluti, heldur hann klónum í góðu ástandi með því að losa sig við ytri klóhlífarnar en skilur um leið eftir merki með lyktarkirtlum í loppunum, ásamt því að skilja eftir sýnilegt merki. Þegar kettlingurinn gerir þetta við innkomu eða brottför getur það bent til óryggis og þá þarf að breyta umhverfi hans til að hann byggji upp sterkari öryggiskennd.

> Þvagúðun

Úðun á þvagi á lóðrétt yfirborð byrjar yfirleitt við sex mánaða aldur eða þegar kettlingurinn verður kynþroska. Þetta atferli getur verið vegna streitu eða breyttra venja og því er ætlað að vekja ótta og fæla burt óboðna gesti. Yfirleitt hættir þetta eftir geldingu. Hægðir er einnig hægt að nota til að marka landamæri og finnast oft á mikilvægum stöðum.



Sýnileg tjáskipti katta

Þetta tjáskiptaform er notað til að auka bil milli einstaklinga og felst í stellingum og svipbrigðum. Líkamsstaða gefur fyrst til kynna tilfinningar kattarins og sýnir ótta og grimmdarstig hans en svipurinn er til að fínstilla og gefur fyrstu upplýsingarnar um breytt skap kattarins.

> Líkamsstaða

Kryppa

Þetta er þekktasta stelling kattarins og er notað til að sýnast óárennilegri og öruggari í mögulega illvígum kynnum. Þetta er varnarstaða sem sýnir að búist er við átökum. Oft tengist hún sperrtu og úfnu skotti sem lætur köttinn sýnast stærri.

Í hnipri

Þegar ógnin nálgast og ekki er lengur hægt að blekkja, hniprar köttur í vörn sig saman. Þannig færast líkamsþunginn á loppurnar og kötturinn er tilbúinn að forða sér í snatri.

Velta

Þegar kettlingurinn er fullkomlega slakur býður hann upp á félagsleg samskipti við aðra ketti og fólk með því að velta sér. Þetta er ekki varnarvelta eins og þegar kötturinn leggst á bakið til að geta notað alla fætur til varnar.

Skottveifan

Þegar kettlingur hreyfir skottið merkir það pirring. Ef kettlingi er strokið og hann byrjar að veifa skottinu er best að hætta strax því þá er kettlingurinn ekki ánægður með strokurnar.

> Svipbrigði

Lögum augna og eyrnastaða gefa vel til kynna hvað kettlingurinn vill segja.


- Hlutlaus köttur: eyru vísa upp á við og eru opin, augun kringlótt.
- Reiður köttur: eyrun sperrt til hliðar, augun píróð.
- Grimmur köttur: eyrun vísa niður, augasteinar eru þandir.
- Ánægður köttur: eyrun opin og sperrt upp, augu hálflokuð, augasteinar eru línulaga.



Veiðihárin eru mikilvæg

Klippið aldrei veiðihár
kettlingsins.

Þau eru notuð til að kanna
umhverfið með snertingu, t.d.
meta breidd gangvegjar en einnig
til samskipta við önnur dýr



Hljóðmerki

Hljóðmerki tákna tilfinningu.

Mal

Þegar kettlingurinn malar merkir það yfirleitt ánægju. Kettlingurinn getur þó einnig malað þegar hann er smeykur eða líður illa, t.d. þegar hann er veikur því malið hefur róandi áhrif á hann.

Urr og hvæs

Þetta er ógnunaraðferð og hægt að nota í árás.

Mjálml

Mjálml er allskonar og hefur hvert sína merkingu. Þið lærið fljótlegra að skilja það með því að fylgjast með kettlingnum. Mjálml táknar ekki alltaf hungur. Það getur líka merkt að kettlingurinn vilji athygli eða vilji leika sér.

Hvernig á að meta líðan kettlingsins?

- Atferlistákn sem gefa til kynna hvort kettlingurinn sé slakur og vilji samskipti eru til dæmis þegar hann lygnir augunum, malar, nuddar andlitinu við fólk, kemur og er nálægt fólk og veltir sér á hliðina. Neikvæð merki um líðan katta eru merki um ótta og kvíða. Streitutengdar breytingar á atferli eru til dæmis grimmd, skemmdarverk, of mikil snyrting og hljóðmerki, sjálfsskaði, lítil matarlyst, minna um snyrtingu, kötturinn felur sig og vill ekki samskipti. Hikið þá ekki við að leita ráða hjá dýralækni eða sérfræðingi í atferli katta.

AUÐGIÐ LÍF

KETTLINGSINS TIL AÐ AUKA HEILBRIGÐI OG VELLÍÐAN HANS

Þótt kettlingurinn skipti snöggt milli hvíldar og virkni, sefur hann mikið og þarf að jafnaði 13-16 tíma svefn á dag. Kettlingar eru fjörugastir árla morguns og að kvöldlagi en þá vilja þeir helst leika sér, snyrta sig, nærast og fá athygli.

Svefn og hvíld

Þegar kettlingurinn sefur fá vaxtarhormón hans tækifæri til uppbyggingar líkamans og því ætti aldrei að trufla sofandi kettling. Ef svefntími kettlinga er virtur styrkir það ónæmiskerfi þeirra. Gætið þess að kettlingurinn geti valið um marga notalega svefnstaði á heimilinu, hlýja, þurra og lausa við dragsúg, hæfilega langt frá ysi dagsins þar sem hann verður ekki fyrir ónæði. Hikið ekki við að bjóða kettlingnum upp á opið búr til hvíldar í. Venjist hann því verða heimsóknir til dýralæknis áhyggjulausar.

Leikur

Sambönd eru byggð á sameiginlegum tíma og upplifunum. Takið frá tíma til að leika við kettlinginn því það styrkir samband ykkar. Næg leiktækifæri eru skemmtileg leið til að auka vellíðan og jákvæða hegðun kettlingsins. Leikur styrkir bæði líkama og skynjun kettlingsins og er góð útrás fyrir orku og kemur í veg fyrir einmannaleika.

Hjá köttum er leikurinn eins og atferli rándýrs og er örvaður af veiðieinkennum eins og smæð, snöggum hreyfingum og margbrotinni áferð yfirborðs. Bestu leikföngin eru þau sem fá kettlinginn til að herma eftir veiðum (liggja í leyni, elta, glíma við, teygja sig, stökkva og ráðast á) og allt þetta finnst kettlingum skemmtilegt.



4 RÁÐ FYRIR SKEMMTILEGAN OG ÖRUGGAN LEIK

1. Leikið þegar kettlingurinn er úthvíldur og vill samskipti við fólk.
2. Notið góð leikföng í stað handa og fóta til að kettlingurinn venjist notkun þeirra.
3. Ef kettlingurinn verður harkalegur í leik sínum og fer að bíta og klóra, er best að hætta strax.
4. Breytið reglulega um leikföng til að halda kettlingnum örvuðum.

Hreyfing

Hreyfing er mikilvæg til að styrkja vöðva kettlingsins, viðhalda sterkum beinum og heilbrigðri þyngd en einnig góð leið til að fá þá andlegu örvun sem kettlingurinn þarf á að halda fyrir góða heilsu og vellíðan. Besta hreyfingin er þegar kettlingurinn getur hlaupið, klifrað, haldið jafnvægi, stökkið, hoppað, skerpt klærnar og leikið sér með hreyfanlega hluti sem hanga eða velta (pappírshnoðri, leikföng, harður bolti með bjöllu, o.s.frv.). Gætið þess að kettlingurinn hafi leiksvæði við hæfi. Allir hlutir hærrí en metri eru tilvaldir fyrir leikvöllinn; kattatré, skápar, hillur, borð og sófabök sem hægt er að stökkva upp á. Innikettir geta fengið hreyfingu með leik við eiganda eða upp á eigin spýtur. Kattadót og leikstaurar eru góð leið til að skemmta og æfa innikettling og þá leiðist honum síður. Athugið að inniköttum hættir til hóglífis og því þurfa þeir fóður í samræmi við minni orkueyðslu.

Köttur hátt uppi er kátur köttur!

Kettlingum finnst gaman að vera fyrir ofan gólf eða jörð þar sem þeir eru öruggir og geta fylgst með umhverfinu. Um leið geta þeir nuddað andliti sínu við andlit eigandans eins og jafningja. Helst ætti að vera í hverju herbergi einhver upphækkun þar sem kisi getur setið og horft í kringum sig, sofið og hvílt sig.



Snýrting

Svefn og snýrting er helsta áhugamál kettlingsins og hann getur varið um 30% af vökutíma sínum í snýrtingu. Kettlingar byrja að snýrta sig þegar þeir ná 15 daga aldri. Þeir nota hrjúfa tunguna og einnig fram- og afturfætur. Framfæturnir eru bleyttir með tungunni og eru eins og þvottaklútur og ná lengst upp að eyrum. Með liprum afturfótum geta þeir snýrt bakið og eyrun. Þetta örvar framleiðslu endorfíns sem skapar góða tilfinningu hjá þeim. Ef kettlingurinn snýrtir sig mjög mikið, getur það hins vegar verið merki um spennu eða húðvandamál sem dýralæknir þarf að fylgjast með.

Fóðrun

Kettir eru rándýr og það er í eðli þeirra að veiða sér til matar. Að örva fóðrunaraðferðir og fjölbreytni í fódri geta auðgað fóðrunarreynslu kettlingsins. Að fela mat á ýmsum stöðum og nota þrautir eru góðar leiðir til að hvetja kettlinginn til að kanna umhverfið og vinna fyrir fódriinu sínu.

Fjölbreytni í fóðrun uppfyllir auk þess eðlislægt atferli katta því villtir forfeður þeirra þróuðust til að njóta mismunandi fæðu með mismunandi áferð, lykt og bragði.

Kettlingurinn kann því að meta meira en bara keiminn af fódriinu, heldur líka ilm og áferð. Blöndun á blautfóðri (mjúk áferð og sterk lykt) við þurrfóður (stökkir molar) gerir kettlingnum kleift að fá öll næringarefni og upplifa fjölbreytileikann sem getur aukið vellíðan hans. Þurrmatur dregur líka úr tannsteinsmyndun og blautmatur eykur vatnsneyslu kettlingsins, þynnir þvagið og skapar meiri vellíðan. Þannig helst þvagrásin heilbrigð og kettlingurinn heldur hæfilegri þyngd.



Fleiri en einn köttur á heimili

Flestir kettir geta búið saman í sátt og samlyndi á einu heimili svo framarlega að umhverfisþarfir þeirra eru uppfylltar. Hegðunaráttmál geta komið upp þegar heimasvæði eins kattar kemur í veg fyrir eðlilegt atferli hins kattarins. Til dæmis gæti eldhúsið tilheyrta heimasvæði kattar og verið eina leiðin að útidyrnum. Þegar hinn kötturinn vill fara út gæti það orðið torvelt þegar aðalkötturinn ver svæðið sitt. Gætið því þess að báðir kettirnir geti farið sínu fram (étið, drukkið, farið í kattasandinn og sofið) án árekstra með því að hafa marga staði fyrir mat og drykk, sandkassa og bæli. Þetta eykur aðgengi dýranna og dregur úr mögulegum árekstrum.

**RÍKULEGT UMHERFI ER
LYKILATRÍÐI Í ÞVÍ AÐ HALDA
KETTLINGNUM Í JAFNVÆGI
ÞVÍ ÞAÐ BÝÐUR UPP Á ÓTAL
MÖGULEIKA TIL HREYFINGAR,
ÖRVUNAR OG NÁTTÚRULEGT
ATFERLI (KÖNNUN OG LEIKUR).**

VIÐHALD Á HREINLÆTI KETTLINGSINS

Tannheilsa kettlingsins

Þegar kettlingurinn kemur inn á nýtt heimili er hann enn með mjólkurtennurnar, sem eru frekar viðkvæmar og áferðin á fóðrinu verður að fara eftir því, t.d. þurrmolar sem drekka í sig vökva. Tannhreinsun ætti að byrja á unga aldri því tannsteinn getur valdið tannsjúkdómum. Tannsteinn getur myndast á fullorðnum tönnum, valdið andfýlu og á löngum tíma getur tannsteinninn valdið bólgu í gómum og þá geta tennur losnað. Eina leiðin til að losna við tannstein er hjá dýralækni. Venjið kettlinginn því við tannburstun frá unga aldri, notið sérstakan kattabursta og tannkrem og þá verður tannheilsan góð í framtíðinni.

Kettir sýna ekki endilega merki um sársauka og óþægindi sem fylgja tannsjúkdómum og því er árvekni og reglulegar heimsóknir til dýralæknis lykilatriði.

Hvernig á að hreinsa augu, eyru og nef kettlingsins?

Augu

Hreinsið augu kettlingsins með grisju og sérstöku hreinsiefni sem fæst hjá dýralækni eða í gæludýrabúð.

Eyru

Fyrsta reglan er að snerta eyrun eins lítið og hægt er. Ef þau eru óhrein, má bera sérstakan áburð á þau og nudda utanverð eyrun varlega. Notið aldrei bómullarhnoðra eða vatn eða vínanda til þrifa. Ef er greinileg og ljót útferð þarf að ráðgast við dýralækni.

Nef

Hjá sumum köttum getur vessi þornað í hornum nasanna. Það má fjarlægja með volgum bómullarhnoðra sem vættur er í augnhreinsivökva eða mildum sóttgreinsuðum vökva.

Við tveggja mánaða aldur hafa kettlingar yfirleitt 26 mjólkurtennur. Þegar fullorðinstennurnar fara að koma við fjögurra mánaða aldur finnast kannski stöku tennur hér og þar, en yfirleitt gleypa kettlingar þær en það telst vera mjög eðlilegt. Um sex mánaða aldur eru allar fullorðinstennurnar komnar - 30 talsins!



Feldhirða

Regluleg burstun heldur feldi kettlingsins glansandi og heilbrigðum og um leið er hægt að gá að sníkjudýrum. Burstun fjarlægir líka dauð hár og þá eru færri hár gleypt þegar kettlingurinn snyrtir sig. Því síðhærdari sem feldurinn er, þeim mun líklegar er að kettlingurinn gleypi hár sem geta valdið hárkúlum. Yfirleitt skilar hárið sér í hægðunum en stundum safnast það upp í maganum og þá ælir kötturinn því. Snögghærðir kettir þurfa að jafnaði bara eina burstun á viku en síðhærdari kettir hafa gott af daglegri kemmingu. Inniketti þarf að snyrta oftár en útiketti en vegna jafns innihita fella þeir hárið allt árið og því er nauðsynlegt að kemba þá.

Áður en burstun hefst er gott að nudda feldinn á móti hárastefnunni til að fjarlægja dautt hár og örva húðina. Gerð bursta og kams fer eftir feldinum og dýralæknir eða dýrasnyrtir getur gefið góð ráð um bursta fyrir kettlinginn.

Munið að snyrta bak við eyrun og á hnakkanum og ljúkið burstun með knúsi eða leik!

Með því að byrja burstun snemma venst kettlingurinn meðhöndlun og snyrtingin verður skemmtileg og styrkir samband kettlings og eiganda.

Á að baða kettlinginn?

Mjög fáir kettir eru hrifnir af vatni en kettir með löng eða meðal löng hár þurfa bað og best er að venja kettlinginn sem fyrst við baðið. Byrjið á því að væta hann mjög varlega með þvottaklút eða svampi. Hættið ef kettlingurinn bregst illa við. Reynið aftur næstu daga þar til kettlingurinn venst þessu. Þegar því er náð má nota skál með volgu vatni til að bleyta bakið en hellið aldrei yfir höfuðið og látið vatnið ekki fara í augu og eyru. Notið sérstaka kattasápu sem fæst hjá dýralækni eða í gæludýrabúð sem hefur rétt sýrustig fyrir húð og feld kettlingsins. Þegar óhreinindi hafa verið hreinsuð má skola vel með skál af vatni eða undir sturtunni. Til að þurrka feldinn er gott að vefja kettlinginn í heitt og þurr handklæði.

Hvernig er öruggt að klóasnyrta kettlinginn?

Mikilvægt er að venja kettlinginn á klóasnyrtingu frá unga aldri. Ef klærnar verða of langar geta þær orðið fastar, krækst í eða losnað sem veldur særindum. Klóaklipping meiðir ekki ef hún er gerð rétt og hægt er að gera þetta heima, fara til dýralæknis eða á dýrasnyrtistofu. Klippið eina kló í einu og notið helst sérstakar klóaklippur. Veljið fyrst góðan stað og hafið kettlinginn á hnjúnum. Þrýstið varlega á loppuna til að klóin komi fram. Klippið hvíta hlutann af klónni og farið ekki nálægt brún bleika þríhyrningsins.

Fáið sýnikennslu hjá dýralækni eða öðrum fagaðila ef þörf krefur.



ÞEGAR KETTLINGURINN VERÐUR KÖTTUR

1. VAXTARSTIG: UPPBYGGING

2. VAXTARSTIG: STYRKING OG SAMHÆFING

Gelding

Gelding er aðgerð sem ætlað er að hindra fjölgun og lengir líka líf kattarins.

Gelding er oft gerð um sex mánaða aldur og kemur í veg fyrir þvagfærasýkingar, spenaæxli og strok.

Kynþroski

Frá sex til níu mánaða: lyktarmerkingar, hormónaseyting, klór.



royalcanin.com

Vefsíða okkar er full af ráðum og ábendingum um besta fóðrið fyrir ferfætta félagann þinn.



Fylgist með nýjustu fréttum frá Royal Canin á netinu.

ROYAL CANIN KAPPKOSTAR VIÐ AÐ SKAPA BETRI OG SJÁLFBÆRARI HEIM FYRIR ÖLL GÆLUDÝR

Gæludýr gera líf okkar betra á hverjum degi. Þess vegna kappkostum við að veita þeim það besta á öllum sviðum og fara fram úr gæðakröfum okkar varðandi næringu og þjónustu. Betri heimur þýðir heilbrigðari jörð þar sem lífsskilyrði gæludýra og eigenda eru virt. Þannig styðjum við ræktendur sem helga sig því að velja og rækta dýr á sjálfbæran hátt og stuðla að heilbrigði þeirra og vellíðan.



Höfundur upphafslegs verks og útgefandi: Royal Canin SAS

www.royalcanin.com

Ábyrgðaraðili íslenskrar útgáfu: Dyrheimar sf.

Íslensk ritstjórn: Steinar B. Aðalbjörnsson

Íslensk þýðing: Gísli Ásgeirsson

Íslensk uppsetning: Jóhann K. Jóhannsson

Útlitshönnun: **okó**

Eftirgerð þessarar bókar á hvaða formi sem er án skriflegrar heimildar útgefanda, höfundar eða réttindahafa er brot á gildandi landslögum og alþjóðalögum um hugverkarétt og getur varðað ákæru. Afritun og endurgerð til persónulegra afnota en ekki til fjölnota er heimil, sem og greiningar og stuttar tilvitnanir sem réttlætanager eru með gagnrýnu, fræðandi eða upplýsandi eðli viðkomandi verks, svo fremi að ákvæði gildandi landslaga og alþjóðalaga um hugverkarétt eru ekki brotin.

ISBN: 978-2-914193-93-1



©Royal Canin SAS - January 2019



\$12 / 12€